



## Fundargerð hreppsráðs 24.október

### Fundur nr. 6 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í hreppsráði Vopnafjarðarhrepps 24.október á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps kl. 08:00.

Mætt til fundar: Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Sigríður Bragadóttir og Stefán Grímur Rafnsson. Einnig sátu fundinn Þór Steinarsson, sveitarstjóri og Sara Elísabet Svansdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerðir

#### a. 56.fundur stjórnar Brunavarna á Austurlandi 15.10

Lagt fram.

Liður 2: Hreppsráð óskar eftir því að fjárfestingakafli brunavarnaráætlunarinnar verði lagður fyrir sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps áður en hún er afgreidd.

Liður 4: Hreppsráði finnst mikilvægt að haft sé samráð við fulltrúa sjúkraflutninga á Vopnafirði við gerð nýs samnings um sjúkraflutninga á Vopnafirði. Sveitarstjóra falið að fylgja málunum eftir.

#### b. Æskulýðs- og íþróttanefnd 16/10

Lagt fram.

2.mál: Hreppsráð áréttar að eldri borgarar fá nú þegar afslátt í sund. Málinu vísað að öðru leyti til fjárhagsáætlunargerðar.

4.mál: Skólaakstur: Verkefnastjóra frístunda, -æskulýðs og fjölmeningarmála og skólastjóra falið að koma með tillögur til hreppsráðs.

Opnunartími í íþróttahúsinu: Sveitarstjóra falið að skoða betur nýtinguna á tímum með forstöðufólki íþróttahússins.

### 2. Almenn mál

#### a. Folfvöllur á Vopnafirði

Tillaga að staðsetningu frísbí golfvallar á Vopnafirði lögð fram. Hreppsráð samþykkir að gerður verði frísbí golfvöllur á Vopnafirði en óskar eftir kostnaðaráætlun við slíkan völl og ítarlegri tillögu með nákvæmum staðsetningum teiga og karfa með tilliti til annarra mannvirkja á svæðinu og vísar málinu til fjárhagsáætlunargerðar 2020. Samþykkt samhljóða.

#### b. Þróunarfélag um vindorku á NA-landi

Umræða um möguleika í vindorkumálum á NA-landi. Vísað til sveitarstjórnar.

#### c. Fjárhagsáætlun fyrir BAA

Lagt fram.

#### d. Heimasíða Vopnafjarðarhrepps

Hreppsráð samþykkir að fara út í greiningarvinnu á nýrri heimasíðu. Samþykkt samhljóða.

### 3. Bréf til sveitarstjórnar

#### a. Stígamót – styrktarbeiðni

Samþykkt var að veita Stígamótum styrk að upphæð 50.000 kr.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 10:17.